



AÐALSKIPULAG SVALBARÐSSTRANDARHREPPS 2008-2020



Staðfest aðalskipulag 5.9.2008



Breyting á aðalskipulagi, Landnotkun á Halllandsnesi

Greinargerð

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti á fundi sinum 12.7. 2011 breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020 á þann veg að gert verði ráð fyrir svæði fyrir verslunar og þjónustu að Halllandsnesi.

Breytingin felst í því að 0,26 ha lóð með landnúmer 193029 sem tekin hefur verið út úr landi Halllandsness verður skilgreind sem verslunar og þjónustusvæði. Svæðið verður merkt V5. Þar sem starfsemin er ótengd landbúnaði og tilheyrir ekki lögþýli fellur starfsemin ekki innan almennra ákvæða aðalskipulagsins um atvinnustarfsemi á landbúnaðarsvæðum og krefst uppbygging hennar því formlegrar breytingar á skipulaginu.

Um skipulagssvæðið gilda almenn ákvæði greinar 4.6 í Aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2028 um verslunar og þjónustusvæði og þar verður heimilt að reka ferðaþjónustu og þjónustu sem henni tengist. Nánari ákvæði um starfsemi, tilhögun bygginga og byggingarmagn skulu sett í deiliskipulagi.

Breyting á greinargerð

Við töflu með yfirliti yfir verslunar og þjónustusvæði á bls. 29 í kafla 4.6 „Verslunar og þjónustusvæði“ bætist eftirfarandi lína:

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
V5	0,26 (ha)	Halllandsnes	Ferðaþjónusta	Uppbygging skv. deiliskipulagi

Breyting á skipulagsuppdrætti

Tákn fyrir verslunar- og þjónustusvæði (hringur) er sett inn á Halllandsnesi, merkt V5.

Áhrifamat

Breytingin felur ekki í sér heimild til framkvæmda sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum.

Breytingin er ekki talin hafa teljandi áhrif á umhverfi sitt, þ.e. nýtingu landbúnaðarlands eða ásýnd lands, umfram það sem þegar er orðið. Svæðið þykir jafnframt henta vel fyrir ferðaþjónustu vegna útsýnis og nálegðar við mikilvægar samgönguæðar.

Skv. forminjaskrá sem unnin var af Forlefastofnun Íslands fyrir sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps árið 2005 eru fornminjar á svæðinu sem gæta þarf sérstaklega að (SP-004.007-010 og SP-004.018).

SKÝRINGAR

■■■ Mörk skipulagssvæðis

LANDNOTKUN

- Péttbýli, péttbýlismörk
- L1 Landbúnaðarsvæði L1
- L2 Landbúnaðarsvæði L2
- L3/L4 Landbúnaðarsvæði L3/4
- Ibúðarsvæði
- Fristundabyggð
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Athafnasvæði
- Iðnaðarsvæði
- Hafnarsvæði
- Opin svæði til sérstakra nota
- Öbyggð svæði
- Efniþókusvæði
- Blönduð landnotkun
- Merking landnotkunarreita
- TAKMÓRKUN Á LANDNOTKUN
- Hverfisverndarsvæði
- Vatnsverndarsvæði
- Brunnsvæði
- Grannsvæði
- Fjarsvæði
- Fornminjar

Lárett hónnunarhröðun í jarðskjálftum

SAMGÖNGUKERFI

- Stofnbraut
-)— Stofnbraut, jarðgöng
- Tengibraut
- Safngata, landsvegur
- Aðalgöngu- og hjólastígur
- Megin útvistarstígur
- Reiðleið
- STOFNLAGNIR VEITUKERFA
- Rafveita, loftlína
- Rafveita, jarðstrengur
- Hitaveita
- Vatnsveita
- Ljósleiðari
- Fráveita, útrás

Aðalskipulagsbreyting þessi var samþykkt j
sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps 2. júní 2011.
Breytingin er óveruleg og er gerð í samræmi við 2. mgr. 36. gr.
Skipulagslagi nr.123/2010,

Svalbarðseyri 15. ágúst 2011

*SVEITARSTJÓRI
Svalbarðsstrandarhrepps*

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af
Skipulagsstofnun 02.09.2011



Auglýsing um gildistöku birtist í B-deild Stjórnartíðinda

SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI LANDNOTKUN Á HALLLANDSNESI

Verk: 11-986

Unnið af. áó

Mælikvarði: A3, 1:20.000

Dagsetning: 2.8.2011

**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**

GYLFÍ GUDJÓNSSON
OG FELAGR ehf.
arkitektar fai
KAUPANGLI VIMTRARVEDI
600 AKUREYRI
SÍMI: 461 8508
NETTANGLI: sm@teiknistafo.is
WEBSITE: www.teiknistafo.is